

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 5/2000

frá 4. febrúar 2000

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/1999 frá 26. nóvember 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/43/EB frá 25. maí 1999 um sautjándu breytingu á tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/51/EB frá 26. maí 1999 um fimmtu aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (tin, PCP og kadmíum)⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 61, 1.3.2001, bls. 14 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 11, 1.3.2001, bls. 167.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 166, 1.7.1999, bls. 87.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 142, 5.6.1999, bls. 22.

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **399 L 0043:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/43/EB frá 25. maí 1999 (Stjtið. EB L 166, 1.7.1999, bls. 87),
- **399 L 0051:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/51/EB frá 26. maí 1999 (Stjtið. EB L 142, 5.6.1999, bls. 22).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/43/EB og tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/51/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann hinn 5. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner